

bær til að skera úr máli þessu, verður ekki hjá því komist að hafna málskröfum sóknaraðilja af sjálfsdáðum.

Rétt þykir, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu.

Markús Sigurbjörnsson, fulltrúi yfirborgarfégeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfum sóknaraðilja, félagsmálaráðherra, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 8. október 1981.

Nr. 67/1979. **Jónas Halldórsson**
(Gunnar Sólnes hrl.)
gegn
Lífeyrissjóðnum Sameiningu
(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.).

Lífeyrissjóðir. Iðgjaldagreiðslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið til Hæstaréttar með stefnu 28. mars 1979 dómum, er upp voru kveðnir á aukadómþingi Þingeyjarsýslu 22. maí 1978 og 29. desember 1978. Hann gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varakrafa: Að hinir áfrýjuðu dómar verði staðfestir með þeirri breytingu, að málskostnaður fyrir héraðsdómi verði

látinn falla niður. Verði þá hvor aðili látinn bera sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinir áfrýjuðu dómar verði staðfestir. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Ágreiningslaust er, að krafa stefnda að fjárhæð 1.177.318 gkr. sé takmörkuð við iðgjöld vegna launa starfsmanna áfrýjanda, þeirra, sem eigi greiddu í annan lífeyrissjóð en Lífeyrissjóðinn Sameiningu, og að ekki séu innifalin í kröf- unni iðgjöld vegna launa eiginkvenna bænda, er voru sjóðfélagar í Lífeyrissjóði bænda. Sætir hin dæmda fjárhæð engum andmælum af hálfu áfrýjanda, ef ekki verður fallist á kröfu hans um algera sýknu sér til handa.

Svo sem málið er lagt fyrir Hæstarétt, þykir með skírskotun til forsendna hinna áfrýjuðu dóma mega staðfesta þá að því er varðar greiðslu umkrafinna iðgjalda.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjandi, Jónas Halldórsson, greiði stefnda, Lífeyrissjóðnum Sameiningu, samtals 3.000.00 krónur (nýkr.) í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinir áfrýjuðu dómar eiga að vera óraskaðir.

Áfrýjandi, Jónas Halldórsson, greiði stefnda, Lífeyris- sjóðnum Sameiningu, samtals 3.000.00 krónur í máls- kostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómpings Þingeyjarsýslu 22. maí 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 12. þ. m., er höfðað fyrir aukadómpingi Þingeyjarsýslu, með stefnu, birtri 21. maí 1977, af Lífeyrissjóðnum Sameiningu, Akureyri, gegn Jónasi Halldórs- sýni, Sveinbjarnargerði II, Svalbarðsstrandarhreppi, Suður- Þingeyjarsýslu.

Dómkröfur stefnanda voru upphaflega þær, að stefndi yrði dæmdur til að greiða lífeyrissjóðsgjöld að fjárhæð kr. 3.215.361 fyrir árin 1972—1976 auk dráttarvaxta og málskostnaðar.

Á dómpingi 9. desember lækkaði stefnandi kröfur sínar þannig:

Aðalkrafa, kr. 2.873.889 auk dráttarvaxta og málskostnaðar.

Til vara kr. 2.755.625 auk dráttarvaxta og málskostnaðar.

Til þrautavara kr. 2.446.438 auk dráttarvaxta og málskostnaðar.

Stefndi krafðist aðallega algerrar sýknu af dómkröfum stefnanda og að honum yrði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda. Til vara krafðist stefndi, að stefnukröfur yrðu stórlega lækkaðar og málskostnaður þá felldur niður.

Á dómþingi 12. maí 1978 óskuðu aðiljar að skipta sakarefninu samkvæmt 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936, þannig að nú yrði aðeins dæmt um skyldu stefnda til að greiða iðgjöld þeirra launþega stefnda, sem taka laun samkvæmt kjarasamningum Verkalýðsfélagsins Einingar.

Hefur dómari fallist á þá málsmeðferð.

Við munnlegan flutning málsins gerði stefnandi svofelldar kröfur í þessum þætti málsins:

Að stefndi verði skyldaður með dómi til að greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðsins Sameiningar samkvæmt 9. gr. reglugerðar sjóðsins af launum verkafólks í hans þjónustu:

Aðallega frá 1. janúar 1972 til 31. desember 1976.

Til vara frá 19. mars 1974 til 31. desember 1976.

Til þrautavara: Að stefndi verði dæmdur til að greiða 6% mótframlag sitt af launum starfsmanna samkvæmt 9. gr. reglugerðar sjóðsins frá 19. mars 1974 til 31. des. 1970.

Stefndi hefur krafist sýknu af dómkröfunum.

Báðir aðiljar kröfðust málskostnaðar.

Sáttatilaunir dómara báru eigi árangur.

I.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo:

„Málsatvik eru þau, að stefndi rekur umfangsmikinn atvinnurekstur að Sveinbjarnargerði II, Svalbarðsstrandarhreppi, á félagssvæði Verkalýðsfélagsins Einingar, sem er einn aðila að Lífeyrissjóðnum Sameiningu. Samkvæmt samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands frá 19. maí 1969 ber vinnuveitanda að skila skilagrein um framlög launþega og vinnuveitanda til sjóðsins mánaðarlega eigi síðar en 10 dögum eftir lok hvers mánaðar, en stefndi hefur margt starfsmanna vistráðið.

Í reglugerð sjóðsins, 9. gr., er þetta áréttað, og er reglugerðin staðfest af fjármálaráðuneytinu 3. febrúar 1971, en samkvæmt reglugerðinni eru iðgjöld 3% greidd af starfsmönnum, og 4,5%

greidd af atvinnurekanda árið 1972, en eftir það 4% greidd af starfsmönnum og 6% af atvinnurekanda, og er þá miðað við hundraðshlutfall af heildarlaunum.“

Stefndi, Jónas Halldórsson, kom fyrir dóm 13. janúar 1978 og gaf þar aðiljaskýrslu.

Var það m. a. bókað:

„Dómari sýndi aðila starfsmannaskrár á dóm skj. nr. 11—14, og viðurkennir hann, að starfsfólk, sem þar er upptalið, hafi allt unnið hjá sér.

Hann kveðst ekki hafa greitt nein iðgjöld til neins lífeyrissjóðs vegna þessa starfsfólks.

Hann segir, að fyrstu árin hafi fólk yfirleitt verið ráðið upp á mánaðarkaup, en upp á síðkastið hafi það verið ráðið upp á tímakaup. og hafi verið tekið mið af töxtum Verkalýðsfél. Einingar. . .“

Mættur (sic) tekur fram sem nánari skýringu, að atvinnurekstur sinn sé fölginn í eggjaframleiðslu, útungun á eggjum, uppeldi og slátrun alifugla og sé reksturinn ekki sundurliðaður sérstaklega.

Þá upplýsti aðili, að mest af starfsfólkinu væri ófaglært, en þó væri þar um 4 smiði og 2 verkstjóra að ræða.

Þá benti aðili á, að sumt af starfsfólkinu væri bændur á lögbylum og greiddi sem slíkt iðgjald til Lífeyrissjóðs bænda. En aðili kvaðst ekki sem vinnuveitandi hafa sótt um til Lífeyrissjóðs bænda að taka starfsmenn sína í tölu sjóðfélaga þar.

II.

Sýknunarkrafa stefnda byggist í fyrsta lagi á því, að hann sé ekki réttur aðili málsins. Stefndi sé bóndi og reki umfangsmikinn búskap og telji sér alls ekki skylt að greiða iðgjöld til stefnanda og hafi því aldrei skilað skýrslum til stefnanda yfir launagreiðslur og iðgjöld af þeim.

Stefnandi hefði átt að leita úrskurðar fjármálaráðuneytisins um, hvort stefndi ætti að greiða lífeyrissjóðsiðgjöld til stefnanda, sbr. 2. gr. laga nr. 9/1974. Samkvæmt því ákvæði sé það alfarið í höndum fjármálaráðuneytisins að úrskurða, í hvaða lífeyrissjóð aðiljar skuli greiða iðgjöld, og að þessi dómstóll hefði því ekki lögsögu í máli þessu.

Í öðru lagi er krafist sýknu á þeim forsendum, að stefndi sé ekki aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands eða öðrum sam-

tökum, sem eru samningsaðiljar við þá aðilja, sem standa að Lífeyrissjóðnum Sameiningu.

Starfsmenn stefnda séu ekki meðlimir í einu félagi, sem stendur að Lífeyrissjóðnum Sameiningu, og hafi ekki óskað eftir að gerast meðlimir í slíku félagi. Samkvæmt því skorti allar greiðsluskyldur stefnda og starfsmanna hans til Lífeyrissjóðsins Sameiningar, sbr. Hrd. XLII, bls. 646.

Í þriðja lagi sé stefndi fullgildur meðlimur í Lífeyrissjóði bænda og greiði til þess sjóðs öll þau gjöld, sem hann sé krafinn um, og auk þess séu fjölmargir starfsmenn hans meðlimir í sama lífeyrissjóði og greiði gjöld sín til hans.

Víða um land sé rekinn landbúnaður á borð við þann, sem stefndi reki, en það þekkist hvergi, að þeir aðiljar séu látnir greiða til sambærilegra sjóða, eins og stefndi sé krafinn um.

En verði talið, að stefnda beri að greiða iðgjöld til stefnanda, þá sé aðalkröfu mótmælt, þar sem iðgjöld frá árinu 1972 séu fyrnd. Einnig sé hluti iðgjalda fyrir árið 1973 fyrndur. Þá benti stefndi á, að ef talið yrði, að hann væri gjaldskyldur, þá ætti að reikna iðgjöldin frá 19. mars 1974, en þá tóku lög nr. 9/1973 um starfskjör launþega o. fl. gildi.

III.

Í lögum nr. 9/1974 um starfskjör launþega o. fl. segir svo í 2. gr.: „Öllum launþegum er rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Vinnuveitendum er skylt að halda eftir af launum starfsfólks síns iðgjaldshluta þess og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum, ásamt mótfamlagi sínu, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru um iðgjaldagreiðslur í reglugerð viðkomandi sjóðs, sem staðfest skal af fjármálaráðuneytinu.

Verði ágreiningur um það, til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greidd, úrskurðar fjármálaráðuneytið hann, að fenginni umsögn Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands.“

Dómari lítur svo á, að lokaákvæði greinarinnar eigi einungis við, ef ágreiningur er um það milli viðkomandi lífeyrissjóða, til hvaða sjóðs iðgjöld skuli renna, en ákvæðið eigi ekki við um gjaldskyldu vinnuveitanda almennt. Því sé dómur þessi bær til meðferðar og dómsálagningar máls þessa.

Í 3. gr. reglugerðar frá 3. febrúar 1971 fyrir Lífeyrissjóðinn Sameiningu segir svo m. a. í 3. gr.:

„Sjóðsfélagar skulu vera, með þeim undantekningum, sem nefndar eru í 2. málsg. , allir þeir launþegar, sem náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almannaksmánaðar á undan og kjara-samningar milli samtaka vinnuveitenda og eftirtalinna verka-lýðsfélaga eða viðurkenndir launataxtar þeirra taka til: Verka-lýðsfélagið Eining . . .“

Í 1. gr. laga Verkalýðsfélagsins Einingar frá 1968 segir svo:

„Félagið heitir „Verkalýðsfélagið Eining“. Starfssvæði þess er Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsýsla og Þingeyjarsýsla vestan Vaðlaheiðar, að því leyti, sem ekki eru eða verða starfandi innan þess svæðis önnur verkalýðsfélag í sömu starfsgrein og 3. gr. kveður á um.“

Hinn 14. mars 1976 voru samþykkt ný lög fyrir félagið, og hljóðar 1. gr. laganna þannig:

„Félagið heitir Verkalýðsfélagið Eining. Starfssvæði þess er Akureyrarkaupstaður, Dalvíkurkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, allir hreppar Eyjafjarðarsýslu og Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahreppur í Þingeyjarsýslu.“

Samkvæmt því er Svalbarðsstrandahreppur á félagssvæði Verkalýðsfélagsins Einingar, og stefndi er því vinnuveitandi á því svæði.

Dómari telur ótvírætt, að það hafi verið tilgangur laga nr. 9/1974 um starfskjör launþega o. fl., að öllum launþegum sé rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfstéttar eða starfshóps, hvort sem vinnuveitendur eru í samtökum vinnuveitenda eða ekki og hvort sem þeir hafa í þjónustu sinni félagsbundið eða ófélagsbundið starfsfólk.

Má sjá það af greinargerðinni, sem lagafrumvarpinu fylgdi, en þar segir svo m. a.:

„Sjóðir þeir, sem stéttarfélagin hafa á undanförunum árum samið um, að komið yrði á fót, lífeyrissjóðir, sjúkrasjóðir og orlofssjóðir, gegna nú þegar mikilsverðu félagslegu og menningarlegu hlutverki: Það hlutverk mun fara mjög vaxandi á komandi árum, og ber löggjafarvaldinu tvímælalaust skylda til að tryggja öllum launþegum aðild að þessum sjóðum, svo að ekki skapist verulegt misrétti milli launþega innbyrðis. Í hæstaréttardómi frá 1971, bls. 646, varð niðurstaða sú, að atvinnurekanda, sem stóð utan samtaka vinnuveitenda, væri óskylt að greiða iðgjöld til sjúkrasjóðs og orlofssjóðs viðkomandi stéttarfélags, og verður að ætla, að sama eigi við um mótframlag hans til lífeyrissjóðs. Þarna er því opin leið fyrir ýmsa hina smærri atvinnu-

rekendur til að spara sér verulegt fé, þ. e. allt að 7,5% viðbót við útborguð laun verkafólks, með því að standa sjálfur utan samtaka vinnuveitenda, og að því tilskyldu, að starfsfólk þeirra standi af einhverjum ástæðum utan launþegasamtakanna, en slíkt mun vera tiltölulega algengt, t. d. þar sem um hálf dags starf er að ræða . . .“

Þá hefur stefndi krafist sýknu vegna þátttöku í Lífeyrissjóði bænda.

Í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 101/1970 segir:

„Heimilt er stjórn sjóðsins að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn á lögbylum, sem ráðnir eru til eins árs eða lengur, enda komi beiðni um slíkt frá hlutaðeigandi vinnuveitanda.“

Samkvæmt framburði stefnda hefur hann ekki sótt um inntöku starfsmanna sinna í Lífeyrissjóð bænda og ekki greitt iðgjöld fyrir þá í þann sjóð, sbr. 6. mgr. 7. gr. laga nr. 101/1970.

Í munnlegum málflutningi vísaði lögmaður stefnda til auglýsingar nr. 75/1956 um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um félagafrelsi landbúnaðarverkafólks. Í samþykkt þessari kveður einungis á um, að aðildarríki Alþjóðavinnuárástofnunarinnar skuldbindi sig til að tryggja þeim, sem starfa við landbúnað, sama rétt til félagafrelsis og iðnverkamenn, en kemur ekkert inn á það mál, sem hér er fjallað um.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið og atvikum er háttað, mátti stefnandi krefja stefnda um greiðslu lífeyrissjóðsiðgjalda af launum starfsfólks hans.

Stefndi er ekki aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands eða öðrum samtökum vinnuveitenda, sem eru samningsaðiljar við þá aðilja, sem standa að Lífeyrissjóðnum Sameiningu, og var það ekki áður en lög nr. 9/1974 tóku gildi.

Starfsfólk stefnda var eigi heldur félagsbundið neinum þeim aðilja, sem standa að lífeyrissjóðnum fyrir gildistöku laganna.

Samkvæmt þessu og þar sem eigi er fram komið, að stefndi hafi sérstaklega skuldbundið sig til að greiða iðgjöldin, áður en lög in tóku gildi, lítur dómari svo á, að gjaldskylda stefnda hefjist fyrst hinn 19. mars 1974, er lög nr. 9/1974 tóku gildi.

Niðurstaða málsins verður því sú, að taka ber til greina vara-kröfu stefnanda og dæma stefnda skyldan til að greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðsins Sameiningar samkvæmt reglum sjóðsins, frá 19. mars 1974 til 31. desember 1976. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Sigurður Briem Jónsson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Jónasi Halldórssyni, er skylt að greiða stefnanda, Lífeyrissjóðnum Sameiningu, iðgjöld af launum ófaglærðs starfsfólks síns ásamt mótframlagi sínu fyrir tímabilið 19. mars 1974 til 31. desember 1976.

Dómur aukadómþings Þingeyjarsýslu 29. desember 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., er höfðað fyrir auka-
dómþingi Þingeyjarsýslu með stefnu, birtri 21. maí 1977, af Lífeyrissjóðnum Sameiningu, Akureyri, gegn Jónasi Halldórssyni, Sveinbjarnargerði II, Suður-Þingeyjarsýslu.

Upphaflegar dómkröfur stefnanda voru þær, að stefndi yrði dæmdur til að greiða lífeyrissjóðsiðgjöld að fjárhæð kr. 3.215.361 fyrir árin 1972—1976 auk dráttarvaxta og málskostnaðar.

Stefndi krafðist *aðallega* algerrar sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar, en *til vara*, að stefnukröfur yrðu stórlega lækkaðar og málskostnaður þá felldur niður.

Samkvæmt ósk málsaðilja og heimild í 71. gr. laga nr. 85/1936 var sakarefni skipt, og var í fyrri þætti málsins aðeins dæmt um skyldu stefnda til að greiða iðgjöld þeirra launþega stefnda, sem taka laun samkvæmt kjarasamningi Verkalýðsfélagsins Einingar, Akureyri. Féll héraðsdómur, sem upp var kveðinn 22. maí 1978, á þá lund, að stefnda var dæmt skylt að greiða stefnanda iðgjöld af launum ófaglærðs starfsfólks síns ásamt mótframlagi sínu fyrir tímabilið 19. mars 1974 til 31. desember 1976. Dómi þessum hefur ekki verið áfrýjað.

Endanlegar dómkröfur stefnanda í þessum hluta málsins eru nú:

Aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.625.271 með 1.5% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 292.444 frá 10. janúar 1975 til 15. júlí s. á., 2% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi af sömu fjárhæð til 10. janúar 1976, 2.5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi af sömu fjárhæð til 10. janúar 1977 og af kr. 1.625.271 frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.177.318 með 1.5% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 220.033 frá 10. janúar 1975 til 15. júlí s. á., 2% dráttarvöxtum á mánuði af sömu upphæð frá þeim degi til 10. janúar 1976, af kr. 524.936 frá þeim degi til 20. nóvember s. á., 2.5% dráttarvöxtum á mán-

uði af sömu fjárhæð frá þeim degi til 10. janúar 1977 og af kr. 1.177.318 frá þeim degi til greiðsludags. Auk þess krefst stefnandi málskostnaðar að mati dómsins. Varakrafan er byggð á því, að út úr aðalkröfunni eru teknir og dregnir frá meintir lífeyrisþegar Lífeyrissjóðs bænda.

Í þinghaldi 15. desember sl. gaf stefndi svohljóðandi yfirlýsingu:

„Með vísan til dóms í fyrri þætti þessa máls, uppkveðnum 22. maí 1978, mótmælir lögmaður stefnda ekki tölulega kröfugerð stefnanda samkvæmt varakröfu á þessu stigi málsins, en mótmælir því hins vegar, að allir þeir, sem taldir eru upp á dskj. nr. 20—22, geti átt aðild að Lífeyrissjóðnum Sameiningu, þar sem hluti þeirra eigi hlut að Lífeyrissjóði bænda.“

MÁLAVEXTIR.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera ógreidd iðgjöld til Lífeyrissjóðsins Sameiningar fyrir árin 1974—1976. Sé hér um að ræða gjöld samkvæmt reglugerð Lífeyrissjóðsins Sameiningar, staðfestri af fjármálaráðuneytinu 3. febrúar 1971, en samkvæmt reglugerðinni séu iðgjöldin 4% greidd af starfsmönnum og 6% greidd af atvinnurekanda og sé þá miðað við hundraðshlutfall af heildarlaunum.

Stefndi reki umfangsmikinn atvinnurekstur að Sveinbjarnargerði, Svalbarðsstrandarhreppi, á félagssvæði Verkalýðsfélagsins Einingar, sem sé einn aðili að Lífeyrissjóðnum Sameiningu.

Stefnukröfurnar eru sundurliðaðar í skjölum málsins, aðalkrafan á dómskj. nr. 20—22 og varakrafan á dómskj. nr. 23—25.

Í greinargerð sinni á dómskj. nr. 15 segir stefndi, að ef yrði álit dómsins, að stefndi og starfsmenn hans ættu að greiða iðgjöld til stefnanda, þá liggi sú upphæð ekki fyrir, þar sem kröfur stefnanda byggist á áætluðum iðgjöldum stefnda og starfsmanna hans fyrir árin 1974—1976. Fjölmargir starfsmenn stefnda séu í Lífeyrissjóði bænda og greiði tilskilin gjöld til þess sjóðs og þurfi þar af leiðandi ekki að greiða til stefnanda.

Í máli þessu liggur fyrir svohljóðandi bréf til stefnda frá Lífeyrissjóði bænda, dags. 13. des. 1978:

„Vegna fyrirspurnar yðar í bréfi, dags. 5. desember s.l., skal eftirfarandi upplýst:

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda skal aðeins annað hjóna, séu þau bæði talin bændur, talið sjóðfélagi. Engin þeirra kvenna, sem þér teljið upp í bréfi yðar, er sjóð-

félagi í Lífeyrissjóði bænda, en aftur á móti eru eiginmenn þeirra allra nema Herdísar Jónsdóttur sjóðfélagar.

Af þeim mönnum, sem þér teljið upp, eru eftirfarandi sjóðfélagar: Jón B. Sigurðsson, Halldór Jóhannesson og Steingrímur Valdimarsson.“

NIÐURSTAÐA.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 9/1974 um starfskjör launþega o. fl. ber vinnuveitanda að standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á iðgjaldshluta starfsmanna sinna ásamt mótframlagi sínu samkvæmt þeim reglum, sem settar eru um iðgjaldagreiðslur í reglugerð viðkomandi sjóðs, sem staðfest skal af fjármálaráðuneytinu.

Stefnandi þykir ekki hafa gert næga grein fyrir kröfum sínum í aðalkröfu. Samkvæmt 9. gr. reglugerðar fyrir Lífeyrissjóðinn Sameiningu á einungis að greiða iðgjöld af dagvinnukaupi og af orlofsfé viðkomandi launþega. Enda þótt stefnandi hafi í munnlegum málflutningi lýst yfir, að hann hafi dregið 10% frá heildarlaunum starfsmanna stefnda vegna áætlaðrar yfirvinnu, þá þykir krafan óljós og ekki nægilega skýrð. Æskilegt hefði verið að krefja stefnda um nákvæmar skilagreinar um framlög til sjóðsins, eftir að dómur í fyrri hluta máls þessa var kveðinn upp. Þá eru í aðalkröfunni krafín iðgjöld af þremur bændum, sem greiða í Lífeyrissjóð bænda. Verður því ekki unnt gegn mótmælum stefnda að taka aðalkröfu stefnanda til greina að svo stöddu.

Hins vegar hefur stefndi ekki andmælt varakröfu stefnanda, og er því enginn tölulegur ágreiningur um hana milli aðilja. Verður hún því tekin til greina að því undanteknu, að ársvextir reiknast 13% af kr. 220.033 frá 10. janúar 1975 til 10. jan. 1976, af kr. 524.936 frá þeim degi til 10. janúar 1977 og af kr. 1.177.318 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, kr. 175.000.

Sigurður Briem Jónsson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jónas Halldórsson, greiði stefnanda, Lífeyrissjóðnum Sameiningu, kr. 1.177.318 með 13% ársvöxtum af kr. 220.033 frá 10. janúar 1975 til 10. janúar 1976, af kr. 524.936 frá þeim degi til 10. janúar 1977 og af kr. 1.177.318 frá þeim

degi til greiðsludags og kr. 175.000 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 8. október 1981.

Nr. 63/1979. **Brynjólfur Helgason**
 (Ásmundur S. Jóhannsson hdl.)
 gegn
Stefáni Reykjalin
 (Gunnar Sólnes hrl.).

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálms-son.

Freyr Ófeigsson, héraðsdómari á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 22. mars 1979. Hann krefst sýknu og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara krefst hann sýknu og að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu greinir aðilja á um, hversu háa fjárhæð áfrýjandi skuli greiða stefnda vegna hækkunar á byggingarkostnaði Furulundar 10 S á Akureyri. Fallist er á það álit héraðsdóms, að miða beri við hækkun byggingarvísitölu á tímabilinu frá 1. janúar 1973 til 1. apríl 1974 við úrlausn þess ágreinings. eru aðiljar sammála um hér fyrir dómi, að við það skuli miðað, að byggingarvísitalan hafi hækkað um 53.4% á þessu tímabili. Þá eru aðiljar sammála um, að leggja beri til grundvallar, að 65% verksins við íbúðina hafi verið lokið fyrir 1. apríl 1974. Fallist er á þá skoðun héraðsdóms, að rétt sé að miða hækkun á þeim hluta verksins, sem